

Reykjavík, 22 maí. 2019

Erindi: UNICEF á Íslandi hvetur öll sveitarfélög til að setja sér heildstætt og samræmt *verklag, vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu* fyrir allar stofnanir sem starfa með börnum.

Samkvæmt nýrri tölfræði sem UNICEF á Íslandi fékk *Rannsóknir & greiningu* til að vinna fyrir sig hefur tæplega 1 af hverjum 5 börnum hér á landi (16,4%) orðið fyrir líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára afmælisdaginn sinn. Það eru um 13.000 börn af þeim 80.383 börnum sem búa á Íslandi. Þar er ekki meðtalin vanræksla, andlegt ofbeldi, rafrænt ofbeldi eða einelti, en þá væri þessi tala mun hærri.

Tíðni drengja sem segjast hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi hefur tvöfaldast á síðustu 6 árum, 9% stúlkna í 10. bekk segjast hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu jafnaldra og 6% drengja verða fyrir líkamlegu ofbeldi á heimili sínu.

Viðbrögð sveitarfélaga skipta öllu máli

Sveitarfélög leika mikilvægt hlutverk í lífi barna, enda stýra þau stærstum hluta þeirra verkefna sem hafa bein áhrif á daglegt líf þeirra. Í leikskólum og skólum, frístundum og íþróttum eyða öll börn löngum stundum. Of algengt er að verklag vegna gruns um að barn verði fyrir ofbeldi eða vanrækslu (tilkynningarskyldan) sé ekki skýrt eða samræmt milli stofnana. Starfsfólk sem vinnur með börnum er oft ekki nægilega upplýst um lagalega skyldu sína til að láta barnið ævinlega njóta vafans ef grunur vaknar. **UNICEF á Íslandi vill undirstrika mikilvægi þess að öll sveitarfélög taki upp heildstætt og samræmt *verklag, vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu*, fyrir allar stofnanir sem starfa með börnum. En slíku verklagi þarf að fylgja eftir með markvissri og reglubundinni fræðslu til barna og fullorðinna.**

Sveitarfélög eru jafnframt hvött til að óska eftir tölfræði um fjölda barna í sveitarfélaginu sem orðið hafa fyrir ofbeldi til *Rannsókna og greiningar* (gögnin eru ekki hluti af hefðbundnum skýrslum til sveitarfélaga) og bera þau saman við fjölda og aldur barna sem tilkynnt eru til barnaverndar. Þannig er markvisst hægt að meta árangur af forvörnum og fræðslu sem til staðar eru í sveitarfélaginu og skoða hversu stór hluti barna sem verða fyrir ofbeldi er ekki að skila sér til barnaverndar.

Velferð barna í Garðabæ gott fordæmi

Fyrir nokkru síðan hóf Garðabær metnaðarfullt verkefni við að tryggja samhæfð viðbrögð stofnanna bæjarins þegar áhyggjur vakna af velferð barns. Sveitarfélagið setti sér samræmt verklag fyrir allar stofnanir sem er stutt af markvissri forvarna- og fræðsluáætlun. Verkefnið kallast [Velferð barna í Garðabæ](#). Að mati UNICEF á Íslandi eru vinnubrögð Garðabæjar til fyrirmyndar og viljum við með þessu bréfi hvetja öll sveitarfélög á Íslandi til að kynna sér verklag Garðabæjar og nýta sem viðmið.

Saman getum við stöðvað feluleikinn sem einkennir ofbeldi gegn börnum hér á landi og búið til samfélag þar sem ekkert barn verður fyrir ofbeldi.

Virðingarfyllst,



Bergsteinn Jónsson
Framkvæmdarstjóri UNICEF í
bergsteinn@unicef.is

